

tilveru hans óðara hætta búin. Þáinnig t. d. ef hann hlýðir ekki lögum náttúrunnar, hefir það fyr eða síðar eyðileggingu fyrir sjálfan hann í för með sér, sem sá, er lifir í samræmi við náttúrulögin, er ekki undirorpinn. Reynsla hins óupplýsta manns færir honum heim sanninn um þetta, þótt hann viti ekkert um eðli neinna náttúrulaga frá vísindalegu sjónarmiði. Þessi nauðsyn mannsins, að lifa í samræmi við hina ytri tilveru, og jafnframt meðvitundin um það, að eitthvað í hans persónulegu tilveru aðskilur hann frá öllum öðrum hlutum, leiðir til einhverra lífsskoðana. Nú liggur það í eðli sjálfsmeðvitundarinnar, að hinn ytri heimur verður að skoðast sem einhverskonar heild frá þess sjónarmiði, sem sjálfsmeðvitundina hefir. *Eg og ekki eg* eru tvær andstæður, sem í sálarfræðislegum skilningi verða aldrei svo sameinaðar, að hver um sig hætti að vera til. Hvert *eg*, nefnilega hver maður með sjálfsmeðvitund, setur sér einhvern tilgang í heiminum, hann er til til einhvers. Það má vel vera, að tilgangurinn sé enginn annar en sá, að afla sér lífsviðurværis, en það er engu síður tilgangur, þegar að það er skynsemi gædd vera, sem lífsviðurværisins aflar. Hvað er þá náttúrlegra, en að hugsandi vera, sem sjálf hefir tilgang, reyni að finna einhvern tilgang einnig í öllu því, sem hún aðskilur frá sér, nefnilega í sínum ytra heimi? Sálarfræðislega skilið er það mjög eðlilegt, og þegar það hefir verið gert, er í raun og veru bæði lífsskoðun og heimsskoðun fengin. Eðlilega fara skoðanirnar sjálfar eftir því, á hvaða andlegu þroskastigi maðurinn stendur. Hjá einum manni er allur tilgangur lífsins sá, að afla sér fæðu, og tilgangur allrar tilverunnar því sá, að framleiða fæðu handa honum. Hjá öðrum er tilgangurinn sá, að sameina mennina í fegurra og fullkomnara samfélag, en á sér stað, og hann sér fyrirmynd þess samfélags í öllum heiminum. Að sameina tilgang síns lífs og lífs annara einhverjum allsherjartilgangi, liggur til grundvallar fyrir trúarhugmyndum og lífsskoðunum mannsins, ekki einungis á hans lægstu stigum heldur einnig á hinum hæstu.

Það má segja, að sálarfræðin leiði ótal margar aðrar hvatir til lífsskoðana í ljós, en vér getum skoðað þetta sem fyrstu og